

START

Kennsluleiðbeiningar

Efnisyfirlit

Til kennara	3	Tøj og farver	21
Almennt um námsefnið	3	Flotte farver	21
Námsumhverfi	3	Hvilken farve har din bold?	22
Náms- og kennsluaðferðir	4	Se mit tøj A	24
Hlustun	4	Se mit tøj B	25
Munnlegur þáttur	4	Dagene	28
Lestur	4	1 uge har 7 dage	28
Ritun	4	Familien	29
Orðaforði	4	Et stamtræ	29
Endurtekning	4	Sammen med familien	31
Myndefni	5	Dyr er gode forældre	32
Námsmat	5	Min skøre familie	33
Grunnbækur	5	De fire årstider	35
START	6	Året rundt	35
Rím og þulur	6	Hvad er klokken?	36
Söngvar	6	Det store ur	36
Myndasögur	6	En dag i mit liv	37
Vinnubók	6	Mit hjem	39
Fyrirmæli	6	Se mit hjem	39
Leikir og spil	7	Her bor jeg	40
UM EINSTAKA KAFLA	8	Lis laver lektier	41
Dansk og islandsk	8	Se mit værelse	42
Dansk og islandsk	8	Inde hos mig	42
Hvem er jeg?	10	Hvordan bor du?	44
Hvem er du?	10	Tyggegummikongen	44
Hvor kommer du fra?	12	Fødselsdag	46
De nordiske lande	12	Min fødselsdag	46
Min krop	14	Fødselsdagen	47
Se mit ansigt / Jeg hører med		Fødselsdagsfesten	49
mine ører	14	Hvad laver de?	49
Se min krop	15		
Hos lægen	16		
Av, min hals	18		
Av, min fod	19		

Til kennara

Almennt um námsefnið

Mikilvægt er að nemendur fái í upphafi góða kynningu á uppbyggingu námsefnisins og dönskunáminu. Kynna þarf námsefnið, kennslugögn og þær vinnuaðferðir sem stuðst verður við.

Námsefnið samanstendur af textum og verkefnum sem þjálfa hlustun, tal, lesskilning og ritun. Auk þess er í efninu lögð sérstök áhersla á að efla markvisst orðaforða nemenda. Í námsefninu er mikill fjöldi fjölbreyttra verkefna. Ekki er hægt að ætla öllum nemendum að vinna öll verkefni. Kennari þarf að meta hvort hann lætur nemendur vinna með allt efnið eða velur úr textum og verkefnum. Það ræðst m.a. af getu og þörfum hvers nemanda og skipulagningu námsins.

Í efninu er lögð áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir. Gengið er út frá að nemendur venjist því að vinna jafnt í hópum, þörum eða einstaklingslega allt eftir eðli verkefnisins. Mörg verkefni fylgja hverjum kafla og þannig er hægt að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Við samningu efnisins var unnið út frá Aðalnámskrá grunnskóla.

Námsumhverfi

Mikilvægt er að skapa ákveðin skilyrði í námsumhverfinu til að auðvelda börnum að læra tungumálið og skiptir miklu máli að námsumhverfið sé öruggt og hvetjandi. Kennslustofan á að bera vott um að verið sé að vinna með danskt mál og menningu. Mikilvægt er að kennslustofan sé lifandi vettvangur, þar sem myndir og veggspjöld, sem tengjast viðfangsefninu prýða veggina ásamt verkefnum nemenda.

Nauðsynlegt er að hafa orðaforðann, sem fengist er við hverju sinni, sjáanlegan og áberandi í skólastofunni. Skrifa t.d. orð dagsins á töfluna eða á spjöld sem hengd eru upp.

Öguð samskipti og jákvætt andrúmsloft skiptir miklu máli í byrjendakennslunni. Af ytri skilyrðum má nefna reglufestu, endurtekingar, stuðning, hvatningu og hrós sem hjálpar til við að skapa öryggi.

Náms- og kennsluaðferðir

Í dönskunáminu líkt og í öðru námi er mikilvægt að nemendur finni fyrir öryggi í kennslustundunum og að þeir þori að tjá sig og taka virkan þátt í því sem fram fer. Nemendur læra nýtt tungumál með því að prófa sig áfram og því þurfa nemendur að fá tækifæri til að beita málinu á mismunandi hátt og við mismunandi aðstæður. Nemendur þurfa að hlusta á málið, tala það, lesa og skrifa.

Í námsefninu er gert ráð fyrir að unnið sé með alla færniþætti og þeir fléttaðir saman. Þannig á námið og kennslan að endurspeglar eðlilega notkun málsins. Það þarf þó að gæta þess að kennslan einkennist ekki um of af einhliða færniþjálfun, heldur miði að því að gefa nemendum tækifæri til að nota málið sem tæki til tjáskipta.

Hlustun

Nemendur þurfa að heyra tungumálið. Því meira sem þeir hlusta á erlenda málið, því betri tilfinningu fá þeir fyrir því. Auk þess að nota hlustunarefnið sem fylgir námsefninu ætti kennarinn að nota dönsku sem mest til samskipta. Einnig er mikilvægt að nota látbragð og myndrænt efni til að auka skilning.

Munnlegur þáttur

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að prófa sig áfram með því að tala dönsku. Mikilvægt er að hvetja þá til að nota dönskuna eins og mikið og þeir geta og kennari þarf að leggja sig fram um að skapa aðstæður sem gera það mögulegt. Kennari getur með góðu fordæmi hvatt nemendur til að tjá sig á dönsku og þannig aukið færni þeirra í tungumálinu hratt og örugglega. Það er eðlilegt að gera villur og kennari ætti ekki að ganga hart fram í að leiðrétta þær. Það er mikilvægt að draga fram kunnáttuna en ekki að einblína á það sem er ábótavant.

Lestur

Þar sem um byrjendanámsefni er að ræða eru lestextar námsefnisins almennt stuttir en lengjast þegar líða tekur á. Myndefni í námsefninu styður við textana og auðveldar skilning. Með textum fylgja lesskilningsverkefni í verkefnabók þar sem gert er ráð fyrir að nemendur beiti mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar-, nákvæmnislestur).

Ritun

Í ritunarverkefnum er nemendum ætlað að vinna með orðaforðann úr lestextum og hlustun. Í byrjendanámsefninu eru ritunarverkefni stutt og einföld. Gert er ráð fyrir að nemendur geti skrifað stök orð, t.d. orðalista, setningar og örstutta texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við.

Orðaforði

Í námsefninu er lögð áhersla á markvissa vinnu með orðaforða. Í upphafi dönskunámsins er mikilvægt að nemendur verði meðvitaðir um hvernig þeir auka orðaforða sinn. Talið er árangursríkast að orðaforðinn sé þjálfaður í samhengi við færniþættina. Sýnt hefur verið fram á að orð lærast betur í merkingarlegu samhengi en ein og sér. Þess vegna er heppilegt að láta nemendur vinna t.d. með orðakort, orðtengslanet eða flokka skyld orð saman. Orðaforðaverkefni í námsefninu eru mörg og fjölbreytt. Einnig fylgja kennsluleiðbeiningum ýmis spil og leikir sem eiga að þjálfa enn betur og auka orðaforðann.

Endurtekning

Mikilvægt er að endurtaka á mismunandi hátt í hverri kennslustund þau atriði sem kennari vill leggja sérstaka áherslu á og rifja þau upp sem unnið hefur verið með. Ekki er hægt að

ætlast til að nemendur tileinki sér allan orðaforðann sem kemur fyrir í efninu. Mikilvægt er að kennari geri grunnorðaforðann, sem fengist er við hverju sinni, sjáanlegan og áberandi í skólastofunni.

Myndefni

Myndefni er hentugt til tungumálakennslu þar sem flestir nemendur átta sig á myndefni og eiga auðvelt með að setja sig inn í aðstæður tengdar því. Í námsefninu er lögð mikil áhersla á myndefni sem ætlað er að styðja við textana, auðvelda lesturinn og um leið að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum. Markmið með myndefni getur verið að:

- Útskýra innihald texta og styðja við orðaforðatilkun.
- Virkja bakgrunnsþekkingu nemenda.
- Hvetja, virkja og vekja áhuga nemenda.
- Þjálfra munnlega og skriflega færni.

Hugmyndir að notkun myndefnis má finna á vef: http://vefir.nams.is/taenk/taenk_klb_1.pdf

Námsmat

Mikilvægt er að námsmat sé fjölbreytt og taki mið af þeim verkefnum sem nemendur hafa fengist við í náminu. Násmat á að endurspegla leiðir, innihald og verkefni sem unnið hefur verið með. Árangur þarf að meta með sjálfsmati, jafningjamati og símati á verkefnum sem unnin eru á kennslutímanum. Í násmati þarf að taka mið af þeim fjórum færniþáttum sem fram koma í markmiðum. Auk þess er mat á orðaforða hluti af násmati í öllum færniþáttum. Óvirkur orðaforði, þ.e. orðaforði til að skilja, er metinn í lestri og hlustun en virkur orðaforði, þ.e. orðaforði til að beita, í ritun og tali.

Grunnbækur

Bókunum er skipt í tvennt þ.e. Start og Smart. Þetta er gert með það í huga að byrjendánámsefnið virki ekki of yfirgripsmikið fyrir nemendur. Einnig mætti hugsa sér að einhverjir kennarar vildu byrja að kenna dönsku í 6. bekk og þannig getur fyrri bókin nýst til þess. Vinnubók fylgir báðum kennslubókunum ásamt hlustunaræfingum og kennsluleiðbeiningum á vef.

START

Lesbók

Lesbókin skiptist í ellefu þemu. Textarnir byggjast á grunnorðaförða þemans og er raðað upp eftir þyngdarstigi. Í lesbókinni er lögð mikil áhersla á fjölbreytt myndefni, sem auðveldar nemendum að skilja textana. Víða í lesbókinni er að finna orðskýringar með myndum.

Rím og þulur

Í lesbókinni er víða að finna rím og þulur tengdar orðaförða þemanna. Í rím- og þulu-leikjum er lögð áhersla á hlustun, endurtekningu, takt og látbragð. Þetta hentar mjög vel til aukinnar færni í framburði, áherslum og orðaförðatileinkun. Rímleikir og þulur auka tilfinningu nemenda fyrir tungumálinu. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur skilji öll orð í rímleikjum og þulum. Þeir geta lesið það upp t.d. í hóp með tilþrifum og með réttum áherslum.

Söngvar

Nokkrir söngvar eru í efninu. Bæði er að finna söngva í lesbók en einnig sem hlustunar-æfingar. Söngurinn er mikilvægur til að auka máltilfinningu nemenda og hentar vel til að fá þá til að nota tungumálið. Söngur og söngtextar festast vel í minni og flestir hafa gaman af að syngja og/eða að hlusta á söng. Söngvana má finna á diskum sem fylgja efninu.

Myndasögur

Þrjár myndasögur eru í lesbókinni. Myndasögur henta vel til kennslu tungumála. Myndefnið er hluti af textanum og eru verkefni því tengd bæði texta og myndum.

Vinnubók

Í vinnubókinni er lögð áhersla á fjölbreytt verkefni. Verkefnin skiptast í lesskilningsverkefni, orðaförðaverkefni og hlustunarverkefni. Með lesskilningsverkefnum eru nemendur þjálfðir í mismunandi lestraraðferðum. Orðaförðaverkefnin eru fjölbreytt og til þess gerð að auka orðaförða nemenda. Verkefnunum er ætlað að tryggja fjölbreytni og gefa tækifæri til þess að velja verkefni eftir áhuga og/eða færni hvers og eins. Hvort nemendur vinna öll verkefni eða hluta þeirra hlýtur þó alltaf að vera í samráði við kennara. Nokkrar hlustunar-æfingar fylgja hverjum kafla og þar er lögð áhersla á mismunandi færni.

Fyrirmæli

Öll fyrirmæli í vinnubókinni eru á dönsku. Aftast má finna orðalista yfir helstu dönsku orðin sem koma fyrir í fyrirmælunum. Þar eru helstu orð í fyrirmælum útskýrð á íslensku.

Leikir og spil

Í vinnubók er einnig að finna vísun í leiki og spil til útprentunar sem henta hverju þema fyrir sig. Spil og leikir í tungumálakennslu hafa að markmiði að efla munnleg samskipti, þar sem nemendur hafa raunverulegar aðstæður til að beita tungumálinu.

Börn hafa þörf fyrir að leika sér og öll börn hafa gaman af hvers konar spilum

UM EINSTAKA KAFLA

Mælt er með að byrja á bls 3 í vinnubók, áður en byrjað er á lesbók. Frá blaðsíðu 3–5 er verið að sýna fram á skyldleika íslensku og dönsku.

Dansk og islandsk

Í þemanu er fjallað um:

- algeng orð sem skilja má út frá íslensku.

Markmið er að nemendur:

- átti sig á skyldleika dönsku og íslensku.
- sjái gagnsæi orða.
- fái áhuga á dönsku.

Hugmyndir að kveikju:

- Kennari stýrir umræðu um dönsku og Norðurlandamál og getur rætt við nemendur um t.d.
 - hvers vegna nemendur læra dönsku
 - samskipti Íslendinga við Norðurlönd
 - hversu margt er líkt með dönsku/Norðurlandamálum og íslensku
 - hversu margir hafa tengsl við Norðurlönd
 - hversu margir hafa komið til Danmerkur
 - hversu margir eiga fjölskyldu eða vini í Danmörku/á Norðurlöndum.

Dansk og islandsk

Vinnubók bls. 3–5

Verkefni A

Orðin sem nemendur eiga að skrifa undir myndirnar eru öll (nema Ísland) með óákveðnum greini. Höfundar telja rétt að venja nemendur við að nota greini frá upphafi tungumálanámsins, án þess að fara nánar út í málfræðireglur.

Verkefni B

Hér eiga nemendur að skrifa orð sem eru ólík á dönsku og íslensku. Et billede og et kryds eru tekin fyrir hér, þar sem þau koma oft fyrir í fyrirmælum í vinnubók.

Hlustunaræfing 1

Unnið er áfram með orð úr verkefni A og B.

Verkefni D

Í fyrirmælum er beðið um 8 orð. Nemendur hafa aðeins séð 7 af orðunum. Orðin by og ni hafa ekki komið fyrir áður.

Hvem er jeg?

Í þemanu er fjallað um:

- hvernig maður heilsar og kynnir sig.

Markmið er að nemendur:

- læri að segja frá sjálfum sér á einfaldan hátt, þ.e. nafn, aldur, land, heimili.
- skilji þegar fólk kynni sig.

Hugmyndir að kveikju:

- Kennari kynnir sjálfan sig með svipuðum hætti og gert er í bókinni.

Hvem er du?

Lesbók bls. 3

Vinnubók bls. 6

Í lesbók

Snak med din sidemand

Paræfing: Nemendur spyrja hvor annan og styðjast við textann í æfingunni Snak med din sidemand. Nemendur geta nýtt sér texta og orðaforða á sömu blaðsíðu í æfingunni.

Í vinnubók

Verkefni A

Nemendur eiga að tengja svör við spurningar.

Spil og leg 1

Hvad hedder du?

Læsebog side 3 og opgavebog side 6–7.

Tegund: Samtals- og hreyfileikur

Form: Hópleikur

Markmið: Að læra að kynna sig.

Undirbúningur:

- Finna bolta eða annað sem nemendur geta kastað á milli sín.
- Nemendur setjast/standa í hring.

Um leikinn

1. Kennari kastar bolta til nemanda og spyr hann spurninga t.d.
 - Hvað hedder du?
 - Hvor kommer du fra?
 - Hvor gammel er du?
 - Hvor bor du?
2. Sá sem grípur boltann svarar. Hann kastar svo boltanum til annars og spyr þann sem grípur spurningar. Sá nemandi svarar o.s.frv.

Ef til vill getur kennari bætt við fleiri léttum spurningum sem kenndar hafa verið áður.

Hvor kommer du fra?

Í þemanu er fjallað um:

- Norðurlöndin: Séreinkenni, fánaliti, höfuðborgir og tungumál.

Markmið er að nemendur:

- læri nöfnin á Norðurlöndum.
- læri nöfn á tungumálum Norðurlanda.
- skilji og geti sagt einfaldar setningar um Norðurlönd.
- læri nokkra liti.

Hugmyndir að kveikju:

- Ræða á einföldu dönsku máli við nemendur um Norðurlönd.
- Nota myndir og kort í lesbók til að vekja áhuga nemenda á Norðurlöndum.
- Kennari ræðir um þjóðareinkenna Norðurlanda og fær nemendur til að segja frá því sem þau vita um Norðurlönd.

De nordiske lande

Grunnbók bls. 4–5

Vinnubók bls. 7–8

Í lesbók

Í lesbókinni eru myndir sem sýna séreinkenni Norðurlandanna. Kennari getur rætt sérstaklega um þau og hvatt nemendur til þess að segja frá hugmyndum sínum og reynslu af Norðurlöndum.

Í vinnubók

Verkefni E

Ekki er víst að allir nemendur átti sig á hvaða lönd myndirnar eiga að standa fyrir. Ef til vill má fara í verkefnið munnlega, þannig að kennari spyrji nemendur á dönsku hvaða land eigi við hvaða mynd. Einnig má benda nemendum á að leita nánari upplýsinga um myndirnar á Netinu.

Spil og leg 2

Memory

Læsebog side 4–5 og opgavebog side 7–8.

Tegund: Samstæðuspil

Form: Para- eða hópavinna

Markmið: Að festa orðaforða um Norðurlöndin og þjóðerni.

Undirbúningur:


- Ljósrita eitt eintak af **spil og leg 2A** fyrir hvert par eða hóp.
- Klippa spjöldin niður.

Um spilið

1. Nemendur leggja spjöldin á hvolf á borðið. Textinn snýr niður. Nemandi A flettir fyrst við einu spjaldi og segir það sem stendur á því. Flettir síðan við öðru og freistar þess að fá samstæðu. Dæmi um samstæðu: *Jeg kommer fra Sverige – Jeg er svensker.* Fáir hann ekki samstæðu leggur hann bæði spjöldin niður aftur á sama stað og þau voru.
2. B á nú leik.
3. Fáir nemandi samstæðu má hann gera aftur.
4. Að lokum eru samstæðurnar taldar.

Flagene på snor

1. Nemendur teikna norrænu fánana og skrifa nöfn landanna við.
2. Nemendur skrifa tungumál hvers lands á fánann.
3. Kennari hengir fánana upp á band í stofunni.



Min krop

Í þemanu er fjallað um:

- Andlitið og skynfærin
- Líkamann
- Ýmsar daglegar athafnir tengdar líkamanum og skynfærunum.
- Ýmsa algenga kvilla eins og kvef og hálsbólgu.

Markmið er að nemendur:

- Læri helstu orð tengd andliti og líkama.
- Læri nokkrar sagnir tengdar skynfærum og hreyfingu.
- Kynnist dönskum mannanöfnum.
- Læri að tjá sig um algenga kvilla.

Hugmyndir að kveikju:

- Kennari bendir á ákveðna líkamshluta og segir nöfnin upphátt. Nemendur herma eftir.
- Gott er að byrja kaflann á rími og söngvum sem finna má í lesbók.

Se mit ansigt / Jeg hører med mine ører

Lesbók bls. 6–7 og bls.

Vinnubók bls. 9–11

Í lesbók

Bls. 7

Æskilegt er að fara vel yfir myndaorðskýringar yfir sagnir. Kennari getur t.d. spurt nemendur á dönsku um einstaka sagnir. T.d. *Hvad kan vi gøre med næsen? Hvad gør vi med øjet?* o.s.frv.

Bls. 8

Til þess að festa orðaforða nemenda í minni með endurtekningum getur verið gott að tengja texta við myndir og ræða myndirnar á dönsku. Einnig má spyrja nemendur um myndirnar. T.d. *hvad laver Mikkel? Hvad spiser han med* o.s.frv.

Rim og remser:

Gott er að láta nemendur lesa rímið upp í kór með tilprifum og með áherslu á rímið. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur skilji öll orðin í ríminu.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 4

Áður en nemendur hlusta á æfinguna er gott að ræða á dönsku hvað er á myndunum. Þannig munu nemendur eiga auðveldara með að skilja það sem sagt er og merkja við réttar myndir.

Hlustunaræfing 5

Áður en nemendur hlusta á æfinguna er gott að ræða á dönsku hvað er á myndunum. Einnig má benda á að ef til vill þarf að lengja aðeins hlé í upplestrinum svo nemendur fái nægan tíma til að finna rétta mynd.

Verkefni F

Athugið að fyrsta orðið í setningunni er með stórum staf.

Se min krop

Lesbók bls. 8

Vinnubók bls. 12–13

Í lesbók

Flestir þekkja lagið Höfuð, herðar, hné og tær, sem er söng- og hreyfileikur. Textinn er sunginn nokkrum sinnum og í hvert skipti hraðar en áður. Hreyfingarnar verða hraðari um leið og lagið er sungið hraðar. Sönginn má finna á diskum með hlustunaræfingum.

Í vinnubók

Verkefni B

Nemendur þekkja danska textann úr nemendabók. Þeir nota myndirnar til að syngja eftir, án þess að kíkja á textann í lesbókinni.

Verkefni C

Nemendur eiga að nota myndirnar til þess að átta sig á hvaða orðum hefur verið ruglað.

Verkefni D

Nemendur eiga að finna lágmark 8 orð í stafaruglinu. Athugið að orðin eru 12 alls.

Hos lægen

Lesbók bls. 9

Vinnubók bls. 14 og 15

Í lesbók

Í textunum bætast við nokkrar nýjar sagnir. Gott er að ræða við nemendur á dönsku um hvað sést á myndunum eins og gert er á bls. 7. Þannig er unnið munnlega með sagnirnar áður en farið er í verkefnabókina. Hægt er að spyrja: Hvað laver drengen på billed nummer 2? Hvað laver pigen på billede 7?

Í vinnubók

Verkefni B

Nemendur geta stuðst við textann úr lesbókinni til að skrifa setningarnar.

Spil og leg 3

Simon siger

Læsebog side 9–18 og opgavebog side 6–11.

Tegund: Hermileikur

Form: Hópleikur

Markmið:

- Hlusta og fara eftir fyrirmælum.
- Að æfa orðaforða og málnotkun tengda líkamshlutum.

Undirbúningur: Nemendur setjast/standa í hring. Einnig geta þeir setið í eigin sætum.

Um leikinn

1. Kennarinn stjórnar leiknum í fyrstu.
2. Nemendur sitja/standa í hring.
3. Stjórnandi gefur nemendum fyrirmæli í boðhætti. Dæmi: *Simon siger stá på et ben.*
4. Ef stjórnandi segir *Simon siger ...* verða nemendur að hlíða skipuninni.
5. Ef stjórnandi **sleppir því að segja** *Simon siger* eiga nemendur að hunsa fyrirmælin. Dæmi: *Stá på et ben.*
6. Nemendur eru úr leik ef þeir:
 - Fara ekki rétt eftir fyrirmælum þ.e. lyfta t.d hægri hendi en ekki þeirri vinstri.
 - Hlíða fyrirmælum þegar stjórnandi sleppir því að segja *Simon siger*.
 - Hunsa fyrirmæli þegar stjórnandi segir *Simon siger*.
7. Seinna geta nemendur skipst á að stjórna.


Dæmi um skipanir:

host – ræk tungun ud – stá på et ben – tryk på din mave – løft venste arm over hovedet – løft højre arm over hovedet – stá på venste ben – stá på højre be – bøj højre arm – hold fast i næsen – åbn munden – stá på et ben og host – hop på et ben.

Teiknið veggspjald

Form: Para- eða hópvinna.

Nemendur teikna stórt veggspjald með mynd af líkama. Þeir skrifa nöfn líkamshlutanna á dönsku inn á myndina.



Av, min hals

Nemendabók bls. 10

Vinnubók bls. 16–17

Í lesbók

Ef til vill má byrja á að ræða orðið av sem er borið fram eins og á íslensku. Danski framburðurinn er þó með styttra á hljóð.

Textann má lesa upphátt í pörum.

Athugið að þar sem samtalið er talmál er sögnin have skrifuð ha'.

Eins er með teiknimyndina. Hana má lesa með leikrænum tilþrifum í pörum.

Myndirnar gefa eins og áður tilefni til umræðu á dönsku.

Orðið skolesygeplejerske gæti reynst nemendum erfitt, enda langt og ólíkt íslensku.

Rim og remser:

Hægt er að láta nemendur lesa rímin upp í kór með tilþrifum og með áherslu á rímið

Ekki er gert ráð fyrir að nemendur skilji öll orð í ríminu.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 7

Áður en nemendur byrja að hlusta getur verið gott að ræða myndirnar í æfingunni. Þannig rifja þeir upp þann orðaforða sem fram kemur í hlustuninni.

Verkefni D

Samkvæmt fyrirmælum eiga nemendur að teikna orm sem er andstæður orminum í lesbókinni. Ormurinn á því að vera með augu, fætur, hár og mögulega í fötum. Hann getur talað, er með tennur og er ekki eins að framan og aftan.

Verkefni E

Duglegir nemendur geta skrifað lýsingu á teikningunni.

Av, min fod

Lesbók bls. 11

Vinnubók bls. 18–19

Í lesbók

Flestir nemendur þekkja Óla prik. Hann heitir Nikolaj á dönsku. Takturinn í vísunni er eins á íslensku og dönsku. Nemendur ættu að þekkja lagið, *To skridt til højre*, þar sem lagið er til á íslensku. Lagið fylgir á diskum með hlustunaræfingum og mælt er með að nemendur syngi það saman.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 8

Þessi hlustunaræfing er nokkuð erfið. Hægt er að gera hana auðveldari með því að vinna með orðaforðann áður en byrjað er að hlusta. Mælt er með að nemendur lýsi myndunum munnlega á dönsku áður en hlustun hefst. Einnig er æskilegt að fara yfir tölurnar frá einum til tíu, þar sem þær koma fyrir í hlustuninni.

Verkefni C

Krossgátan er upprifjun á orðum úr öllu þemanu.

Spil og leg 4A

Bingo – myndir

Læsebog side 9–18 og opgavebog side 6–11.

Tegund: Bingó með myndaspjöldum

Form: Hópleikur

Markmið: Að þjálfra orðaforða tengdan líkamshlutum.

Undirbúningur:

- Ljósrita bingóspjöld [spil og leg 4A](#) fyrir hópinn.
- Ljósrita miða fyrir stjórnanda [spil og leg 4C](#).
- Klippa niður miðana sem nota á til upplestrar.

Um spilið

1. Bingóspjöldin eru 16 talsins. Ef nemendur eru fleiri en 16 þarf að skipta þeim niður í fleiri hópa.
2. Kennari ákveður í upphafi hversu mikið þarf að fylla út á bingóspjaldinu til að vinna spilið. Eina röð lárétt eða lóðrétt eða allt spjaldið.
3. Kennari eða nemandi stjórnar spilinu. Stjórnandi dregur miða og segir orðið upphátt.
4. Sá sem fyrstur fyllir út í alla reitina vinnur spilið.

Spil og leg 4B

Bingo – orð

Læsebog side 9–18 og opgavebog side 6–11.

Tegund: Bingó með orðaspjöldum

Form: Hópleikur

Markmið: Að þjálfra orðaforða tengdan líkamshlutum.

Undirbúningur:

- Ljósrita bingóspjöld [spil og leg 4B](#) fyrir hópinn.
- Ljósrita miða fyrir stjórnanda [spil og leg 4D](#).
- Klippa niður miðana sem nota á til upplestrar.

Um leikinn

Þetta er sami leikur og bingó með myndaspjöldum. Bingóspjöldin eru nú með orðum en ekki myndum. Stjórnandinn sýnir nemendum miða með myndum og nemendur finna orðið á bingóspjaldinu.

Tøj og farver

Í þemanu er fjallað um:

- Föt, liti og fylgihluti.

Markmið er að nemendur:

- læri helstu liti.
- læri grunnorðaforða um föt.
- skilji þegar talað er um föt og liti á dönsku á einfaldan hátt.
- geti lýst eigin fötum og annarra.
- þekki orð um helstu fylgihluti.

Hugmyndir að kveikjum:

- Kennari finnur myndir af fólki í mismunandi fötum á Netinu. Hægt er að nota myndirnar til að ræða um liti og mismunandi tegundir af fötum.
- Kennari getur bent á eigin föt eða föt nemenda og nemendur herma eftir.

Flotte farver

Lesbók bls. 12

Vinnubók bls. 20–21

Í lesbók

Myndin af sjóræningjanum er eins og lýst er í ríminu. Æskilegt er að nemendur lesi rímið með tilprifum og fái þannig tilfinningu fyrir litum. Einnig eru kynnt nokkur orð um föt. Gott getur verið að ræða útlit sjóræningjans og leggja sérstaka áherslu á litina.

Snak med din makker

Nauðsynlegt er að nemendur læri litina utan að og noti síðan samtalsæfinguna til að festa þá í minni.

Verkefni A

1. Nemendur finna 8 liti í stafaruglinu.
2. Nemendur skrifa litina 8 á línurnar.
3. Nemendur lita hringina í samræmi við orðið.

Verkefni C

Nemendur eiga að velja sér orð og myndir úr kassanum og skrifa setningu þar sem þau koma fyrir. Ætlast er til að þeir velji nafnorð, lýsingarorð og lit. Nemendur eiga síðan að teikna mynd af því sem þeir skrifuðu um og lita hana.

Verkefni D

Þessi æfing reynir á grunn litafræði. Sjá lausnir.

Hvilken farve har din bold?

Lesbók bls. 13

Vinnubók bls. 22–23

Í lesbók

Vel má hugsa sér að nemendur og kennari lesi teiknimyndasöguna saman upphátt og leiki þá mismunandi hlutverk. Þar sem Gunnar leikur stórt hlutverk getur kennari ef til vill tekið að sér það hlutverk. Ef hópurinn er óöruggur mætti hugsanlega ræða myndirnar á dönsku, t.d. Hvem har en rød og en blå bold? Hvem har en orange kat? Og svo framvegis.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 9

Til þess að nemendur átti sig betur á textanum er ætlast til að þeir lesi hann yfir áður en þeir hlusta og reyni að setja orðin í kassanum inn í réttar eyður. Þegar þeir svo hlusta á lagið eiga þeir að athuga hvort þeir hafi skrifað rétt orð. Ef ekki geta þeir lokið við að fylla inn í eyðurnar. Mælt er með að nemendur syngi lagið að lokum.

Spil og leg 5

Hviskeleg

Læsebog side 12–16 og opgavebog side 20–30

Tegund: Hvísleikur

Form: Hópleikur

Markmið:

- Að þjálfra orðaforða um föt og liti.
- Að þjálfra framburð og hlustun.

Undirbúningur: Nemendur setjast/standa í hring. Einnig geta þeir setið í eigin sætum.

Um leikinn

1. Kennari ákveður hvaða orð yfir föt og liti hann ætlar að nota. Dæmi: *En sort sko.*
2. Kennari hvíslar orðunum í eyra fyrsta nemandans sem hvíslar áfram til næsta og svo koll af kolli.
3. Síðasti nemandinn á að segja orðin upphátt og kennari staðfestir hvort þau sé rétt.
4. Nemendur skiptast á að byrja. Þeir geta ef til vill verið búnir að finna orð eða setningu fyrirfram.

Se mit tøj A

Lesbók bls. 14

Vinnubók bls. 24–27

Í lesbók

Allur orðaforði tengdur fötum er í hringjunum neðst á blaðsíðunum. Kennarar eru hvattir til að ræða við nemendur um föt og liti til að festa orðaforðann þeim tengdum. T.d má taka dæmi um föt sem nemendur klæðast. Í textanum eru orðin *kan lí´* og *elsker* kynnt til sögunnar og má hugsanlega tengja þau þegar talað er um föt við nemendur.

Í vinnubók

Verkefni A

Nemendur eiga að skrifa hvaða fötum persónurnar klæðast en ákveða sjálfir litina. Þeir eiga að lita myndirnar.

Hlustunaræfing 10

Kennari þarf að kynna tölurnar 1–5 svo nemendur geti sett númer á myndirnar. Kenna þarf nemendum að telja upp að 5. Einnig er æskilegt að kennari ræði um myndirnar á dönsku áður en hlustunin hefst.

Verkefni D

Nemendur svara spurningunum út frá eigin tilfinningu.

Verkefni E

Nemendur eiga fyrst að mynda samsett orð með tölum og draga svo strik í rétta mynd.

Verkefni G

Orðið í 11 er *undertøj*. Orðið hefur ekki komið fyrir í textanum, einungis orðið underbukser. Ef til vill munu þó einhverjir nemendur geta giskað á rétta orðið, þar sem þeir hafa bæði kynnst orðinu *under* og *tøj*.

Se mit tøj B

Lesbók bls. 16–17

Vinnubók bls. 28–30

Í lesbók

Allur orðaforði tengdur fylgihlutum er kynntur á bls.16. Þessi orð koma einnig fyrir í textunum tveimur.

Snak med din makker

Myndaröðin býður uppá marga möguleika.

Í talæfingunni er gert ráð fyrir að nemendur vinni saman í pörum og finni ákveðnar persónur út frá fötum og litum.

Aðrir möguleikar eru að nemendur lýsi einstökum persónum munnlega eða skriflega. Nemendur geta einnig fundið nöfn og aldur þeirra. Einnig má hugsa sér að þeir ákveði hvaðan þær koma, hver áhugamál þeirra eru o.s.frv.

Í vinnubók

Verkefni C

Í þessari æfingu eiga bókstafirnir að vera jafn margir og strikin.

Verkefni D

Christina þarf að komast til Stockholm. Hún má einungis stíga á sagnir á leið sinni. Það getur auðveldað nemendum að lita sagnirnar. Vel getur þurft að rifja upp hvernig nemendur þekkja sagnir.

Tøjsnor

1. Nemendur klippa út myndir af ýmsum flíkum og líma þær á blöð.
2. Nemendur skrifa nöfn á flíkunum á blöðin
3. Kennari hengir fötin á þvottasnúru sem hengd er upp í stofunni.



Spil og leg 6

Sig en farve

Læsebog side 12–16 og opgavebog side 20–30

Tegund: Hreyfi og orðaleikur

Form: Hópleikur

Markmið:

- Að þjálfar orðaforða um föt og liti.
- Að þjálfar framburð og hlustun.

Um spilið

1. Kennari kastar bolta til nemanda og spyr hann spurninga t.d.
 - Hvilken farve har dine strømper?
 - Hvilken farve har dine øjne?
 - Hvem har en grøn trøje på?
2. Sá sem grípur boltann svarar. Hann kastar svo boltanum til annars og spyr þann sem grípur spurningar. Sá nemandi svarar o.s.frv.

Spil og leg 7

Slangespil

Læsebog side 12–16 og opgavebog side 20–30.

Tegund: Borðspil

Form: Par- eða hópleikur

Markmið: Að þjálfra orðaforða um föt og liti.

Undirbúningur:

- Prenta út [spil og leg 7](#).
- Finna til teninga og spilakalla.

Ábending: Geti kennari ekki prentað út í lit verður hann að lita þá reiti þar sem gert er ráð fyrir lit.

Um spilið

1. Hver leikmaður byrjar með sinn kall á START.
2. Leikmenn skiptast á að kasta teningnum og færa kallinn.
3. Ef leikmaður lendir á reit með fötum eða lit á hann að segja orðið á dönsku. Ef hann segir rétt orð má hann klifra upp stigann.
4. Ef hann segir rangt orð má hann ekki stytta sér leið.
5. Ef leikmaður lendir á hala snáks með lit eða fötum á hann að reyna að segja orðið á dönsku.
 - a. Ef hann svarar rétt heldur hann áfram á næsta reit.
 - b. Ef hann svarar rangt færast hann niður á hausinn.
6. Ef leikmaður lendir á hala snáks með engum lit eða fötum færast hann niður á hausinn.
7. Sá sem kemur fyrst í mark/SLUT vinnur.

Dagene

Í þemanu er fjallað um:

- heiti dagana

Markmið er að nemendur:

- læri daganöfnin á dönsku.
- kynnist uppruna dönsku nafnanna.

1 uge har 7 dage

Lesbók bls. 18

Vinnubók bls. 31

Í lesbók

Textinn um uppruna dönsku nafnanna er tekinn með til gamans en hann er frekar erfiður. Tæplega er hægt að ætla nemendum að skilja hann nákvæmlega.

Rímið er auðvelt og öll orðin hafa komið fyrir áður. Þegar unnið er með textann má hugsanlega tengja saman myndir og texta t.d. *Hvornár bruger vi mobiltelefonen? Hvornár står vi på ski?*

ATH.

Svar við spurningunni neðst á blaðsíðunni: Maya indíánar töldu bæði fingur og tær. Þess vegna var vikan þeirra 20 dagar.

ATH.

Danska vikan byrjar alltaf á mánudegi.


Í vinnubók

Verkefni A

Ef nemendur og kennarar hafa rætt myndir í tengslum við rímið í lesbók á það að reynast nemendum auðveldara að skrifa setningar við myndirnar.

Gamalt rím

Mandag, tirsdag, onsdag, torsdag, fredag, lørdag – mon
ikke vi skal bruge
denne hele uge
for at sove rigtig længe søndag morgen stund.



Familien

Í þemanu er fjallað um:

- Fjölskyldur og fjölskyldutengsl
- Daglegar athafnir
- Tölurnar frá 1–20
- Dagaheiti og tímasetningar
- Dýr sem foreldra

Et stamtræ

Lesbók bls. 19

Vinnubók bls. 32–33

Markmið er að nemendur:

- læri orðaforða um fjölskyldutengsl.
- læri sagnir um almennar daglegar athafnir.
- læri tölurnar frá 1–20.
- kynnist ýmsum lýsingarorðum um útlit á fólki.
- læri nokkur orð um dýr og athafnir þeirra
- geti tjáð sig á einföldu máli um fjölskyldu sína og daglegar athafnir.
- festi orð um daga í minni.

Í lesbók

Mikilvægt er að tala um myndina á dönsku til að nemendur átti sig á orðaforðanum og skoði myndina og orðin vel. T.d. má spyrja: *Hvem står øverst til venstre? Hvem har en grøn træje på? Hvor sidder han?* Orðin í dálknum til hægri eru nokkuð gegnsæ og nemendur ættu að skilja þau. Mikilvægt er að vekja vekja athygli þeirra á þessum orðum.

Snak med din makker

Paræfing. Nemendur spyrja hvor annan um fjölskylduna. Gert er ráð fyrir að þeir noti sem flest fjölskylduorð á blaðsíðunni.

Í vinnubók

Verkefni A

Nemendur eiga að lesa textann í vinnubók um Torben. Markmiðið er að þeir átti sig á fjölskyldutengslunum og geti skrifað inn í ættartréð.

Hlustunaræfing 15

Ef til vill þarf að rifja upp tölur að 10 svo nemendur getir merkt við myndirnar með númerum. Sem undanfari hlustunaræfingarinnar getur verið gott að tala saman á dönsku um myndirnar. Þannig eiga nemendur auðveldara með að skilja það sem þeir heyra.

Verkefni D

Nemendur eiga að búa til ný fjölskylduorð úr orðunum í vinnubók. Þeir ráða sjálfir hvort orðið þeir nota sem grunn til að byrja á að skrifa út frá.

Spil og leg 8

Familiefest

Læsebog side 19–23 og opgavebog side 32–41

Tegund: Orða og hreyfileikur

Form: Hópleikur

Markmið: Að þjálfra orðaforða um fjölskylduna.

Undirbúningur:

- Raða stólum í hring.
- Útbúa miða með fjölskyldunöfnum. Eitt nafn á miða (sjá tillögur neðst).

Um leikinn

1. Nemendur setjast í hring á stólum og kennari stendur í miðju.
2. Allir nemendur fá miða með fjölskyldunafni t.d. *far* eða *mor* (sjá tillögur neðst). Mikilvægt er að svipaður fjöldi sé með sama fjölskylduorð. Nemendur mega ekki sjá miða annarra. (Einnig mætti hvísla orðum að nemendum).
3. Kennari kallar t.d. *mormor*. Allir sem eru *mormor* eiga nú að skipta um sæti, á meðan kennari reynir að setjast í sæti einhvers þeirra.
4. Ef kennari nær að setjast í sæti einhvers tekur sá nemandi við af honum. Sá nemandi kallar nú annað heiti og leikurinn heldur áfram
5. Ef kallað er *hele familien* eiga allir að standa upp og skipta um sæti.

Tillaga af orðaforða: bror, syster, far, mor, mormor, morfar, farfar, farmor, oldefar, oldemor, stedmor, stedfar, lillesöster, lillebror, stedsöster, stedbror.

Nemendur teikna sitt eigið eða ímyndað ættartré og setja inn dönsku orðin og nöfn fjölskyldunnar.



Sammen med familien

Lesbók bls. 20–21

Vinnubók bls. 34–36

Í lesbók

Kennarar eru hvattir til að gefa þessum tveimur síðum góðan tíma. Orðaforðinn er fjölbreyttur og nemendur þurfa að ná tökum á algengum sögnum og dögum. Myndirnar tengjast textunum vel. Eins og áður er gott að nota myndirnar til að ræða um innihald texta og vinna þannig munnlega með orðaforðann.

Hér getur verið gott að ræða hvernig við notum *han*, *hun*, *de* og *den*, þar sem þau orð koma fyrir í textum og í verkefnum sem fylgja.

Tölur:

Mikilvægt er að nemendur læri að telja upp að tuttugu og skilji tölurnar þegar þeir heyra þær.

Rim og remser:

Rímið er hér til gamans en einnig til að auka máltilfinningu og festa tölur í minni. Nemendur geta æft sig að lesa rímið upp með áherslu á rímorðin.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 16

Eins og við aðra hlustun með myndum er gott að ræða við nemendur á dönsku um myndirnar. Þannig verður hlustunin þeim auðveldari.

Hlustunaræfing 17

Hlustunin er með aðaláherslu á tölurnar frá 1–20. Einnig er kynntur orðaforði sem kennari notar þegar hann biður nemendur um að að fletta upp í kennslubók.

Hlustunaræfing 18

Svar: Nemendur teiknuðu svín

Spil og leg 9

Leg með tal

Læsebog side 19–23 og opgavebog side 32–41

Tegund: Talnaleikur

Form: Hópleikur

Markmið: Að þjálfra tölur frá 1–20.

Undirbúningur: Finna bolta eða annað sem nemendur geta kastað á milli sín.

Um leikinn

1. Nemendur sitja/standa í hring eða sitja í sætunum.
2. Sá nemandi sem byrjar leikinn kastar bolta og segir tölustafinn en.
3. Sá sem grípur segir töluna to o.s.frv.

Önnur útfærsla: Nemendur gera eins en telja aftur á bak.

Dyr er gode forældre

Nemendabók bls. 22

Vinnubók bls. 37–39

Í nemendabók

Þar sem orðið *den* kemur fyrir í öllum textum getur verið gott að rifja upp hvenær notað er *den* og hvenær *han/hun*. Eins má hugsa sér að rifja upp liti í tengslum við umræðu um myndir og texta.

Í umræðu um texta má ef til vill taka fyrir andstæður eins og *varm – kold* og *stor – lille*.

Dæmi: *Bor en isbjørn i et koldt eller et varmt land? Hvilke dyr kommer fra et koldt land?*

Hvad er det modsatte ved en voksen kænguru? Og svo framvegis.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 19

Myndirnar í æfingunni gefa tilefni til ýmissa fleiri tegunda verkefna, t.d. munnlega útgáfan:



Gætteleg

A hugsar sér mynd og B reynir að finna út hvaða mynd það er. A má aðeins svara með já og nei.

Dæmi: B. *Er det et stort dyr? Er dyret fra et koldt land? o.s.frv.*

Min skøre familie

Lesbók bls. 23

Vinnubók bls. 40–42

Í lesbók

Textinn er með fjölbreyttan orðaforða. Eins og áður segir á að vinna með texta og mynd og gera þannig textann auðveldari. Nokkuð mikið er um lýsingarorð sem lýsa útliti í textanum og sjálfsagt er að vekja athygli nemenda á þeim.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 20

Nemendur heyrja lýsingu á dýrinu á myndinni. Ef lýsingin er rétt samkvæmt myndinni draga nemendur hring um *ja*, ef ekki draga þeir hring um *nej*. Ef það sem sagt er kemur ekki fram á myndinni draga nemendur hring um *ved ikke*.

Verkefni D

Orðin standa í réttri röð miðað við textann í lesbók.

Verkefni E

Nemendur eiga að skrifa lýsingarorð og óákveðin greini þegar þeir lýsa myndunum.

Spil og leg 10

Memory

Læsebog side 19–23 og opgavebog side 32–41.

Tegund: Samstæðuspil

Form: Paravinna

Markmið: Að þjálfra orðaforða um dýr.

Undirbúningur: Prenta út spjöld og **spil 10A** og **spil 10B** og klippa niður. Hvert par fær bæði spjöldin.

Um spilið

1. Nemendur leggja spjöldin á hvolf á borðið. Orð/mynd snýr niður. Nemandi A flettir fyrst við einu spjaldi og segir hvað er á því. Flettir síðan við öðru og freistar þess að fá samstæðu. Dæmi um samstæðu: Mynd af hesti- orðið hest. Fáir hann ekki samstæðu leggur hann bæði spjöldin niður aftur á sama stað og þau voru.
2. B á nú leik.
3. Fáir nemandi samstæðu má hann gera aftur.
4. Að lokum eru samstæðurnar taldar.

De fire árstíðir

Í þemanu er fjallað um:

- Heiti árstíðanna
- Heiti mánaðanna
- Veðurfar
- Daglegar athafnir og föt tengd mismunandi árstíðum.

Markmið er að nemendur:

- Læri heiti árstíða og mánaða.
- Geti skilið og notað orðaforða tengdan veðri og einkennum árstíða.
- Læri helstu sagnir í nútíð sem tengjast þemanu.

Hugmyndir að kveikju:

- Kennari finnur myndir tengdar mismunandi árstíðum t.d. á Netinu.
- Kennari kannar í hvaða mánuði/árstíð nemendur eiga afmæli.
- Kennari ræðir um yfirstandandi árstíð og hvað einkennir hana.

Áret rundt

Lesbók bls. 24–25

Vinnubók bls. 43–45

Í lesbók

Sjálfsagt er að ræða myndirnar við nemendur en þær tengjast efni textanna vel. Einnig er hægt að rifja upp liti og velta fyrir sér hvers vegna árstíðirnar hafa fengið ákveðna liti.

Í vinnubók

Verkefni C

Nemendur eiga að para saman veður og það sem einkennir veðrið.

Verkefni E

Gert er ráð fyrir að nemendur finni orð úr þemanu.

Verkefni F

Í krossgátunni eiga nemendur að skrifa inn mánuðina.

Hvad er klokken?

Í þemanu er fjallað um:

- Klukkuna
- Ýmsar tímasetningar
- Daglegar athafnir tengdar tímar
- Ávörp tengd mismunandi tímum dags.

Markmið er að nemendur:

- geti tjáð sig um ýmsar tímasetningar.
- læri helstu nafnorð tengd tíma.
- geti ávarpað fólk á viðeigandi hátt eftir tíma dags.
- geti tjáð sig um ýmsar athafnir tengdar daglegu lífi.

Hugmyndir að kveikju:

- Kennari rifjar upp tölurnar frá 1–20 og tengir þær við klukkuna.

Det store ur

Lesbók bls. 26–27

Vinnubók bls. 46–48

Í lesbók

Sum atriði varðandi klukkuna og tíma geta reynst nemendum framandi.

Hér er mælt með að rætt sé við nemendur um orðið *et ur* **sem notað er um bæði úr og klukkur**.

Einnig getur þurft að útskýra orðið *go'* sem er talmál og stytting af orðinu *god*.

Höfundar ákváðu að nota orðið *kvart* frekar en *kvarter* um korter, þar sem *kvart* er algengara í talmáli.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 22

Nemendur hafa ekki lært tölurnar 22 og 23. Því er nauðsynlegt að kynna þær áður en hlustað er.

Hlustunaræfing 23

Ekki er ráðlegt að ætla nemendum að skilja allan textann. Markmið með söngnum er að


auka máltílfínningu nemenda með því að hlusta og syngja. Til þess að nemendur átti sig betur á textanum er ætlast til að þeir lesi hann yfir áður en þeir hlusta og reyni að setja orðin í kassanum inn í réttar eyður. Þegar nemendur svo hlusta á lagið eiga þeir að athuga hvort þeir hafi skrifað rétt orð. Ef ekki geta þeir lokið við að fylla í eyðurnar.

Mælt er með að nemendur syngi lagið að lokum.

Nemendum skipt í hópa. Hver hópur teiknar mynd eða gerir klippimynd sem einkennir eitt erindi söngsins. Nemendur skrifa orð og setningar inn á myndina t.d vækkur, skole, stá op o.s.frv. Myndirnar eru svo hengdar upp í réttri röð.

Klokkebingo

Hver nemandi á að velja sér tölur úr kössunum og fylla bingóspjaldið. Kennarinn stýrir leiknum til að byrja með og les upp tölurnar í kössunum í tilviljunarkenndri röð. Sá sem fyrstur krossar yfir allar tölurnar á bingóspjaldi sínu vinnur leikinn. Hægt er að spila bingóið í minni hópum og láta nemendur skiptast á að stjórna.



En dag í mit liv

Lesbók bls. 27

Vinnubók bls. 49–51

Í lesbók

Í textanum er mikið af orðaforða er tengist daglegum athöfnum og því ástæða til að staldra við hér. Sagnir eru eins og áður allar í nútíð. Hér mætti spyrja út úr innihaldinu og fá nemendur þannig til að segja hvað klukkan er t.d. *Hvad er klokken når bedsteforældrene kommer på besøg?* Einnig má láta nemendur vinna saman í pörum og spyrja hvor annan út úr.

Í vinnubók

Verkefni A

Nemendur eiga að tengja setningarnar texta í lesbókinni. Í hvaða texta í lesbók kemur eitthvað fram um hettupeysu og gallabuxur?

Verkefni C

Hér er í fyrsta skipti unnið með spurnarorð. Það er mikilvægt að nemendur átti sig á þessum orðum svo þeir getir unnið með þau þar sem það á við.

Spil og leg 11

Hvad er klokken?

Læsebog side 26–27 og opgavebog side 46–51.

Tegund: Borðspil

Form: Para- eða hópvinna

Markmið: Að þjálfra orðaforða um klukkur og tímasetningar.

Undirbúningur:

- Prenta út spilaborð [Spil og leg 11A](#). Hvert par/hópur fær eitt spilaborð.
- Finna til teninga og spilakarla.

Um spilið

1. Nemendur kasta teningum og færa kall á viðeigandi reit.
2. Nemendur segja hvað klukkan er á dönsku á þeim reit sem þeir lenda á.
3. Sá sem kemur fyrstur í mark vinnur.

Mit hjem

Í þemanu er fjallað um:

- Húsnæði
- Herbergisskipan
- Helstu húsgögn, heimilistæki og fylgihluti.

Markmið er að nemendur:

- læri grunnorðaförða er tengist húsnæði og heimili.
- læri sagnir um helstu athafnir sem tengjast heimilislífi.
- geti lýst heimili sínu og annarra.
- þekki orð um helstu húsgögn, heimilistæki og fylgihluti.
- læri helstu staðarforsetningar tengdar orðaförðanum.

Hugmyndir að kveikju:

- B Sýna nemendum myndir af mismunandi húsum og ræða um þær.
- Sýna myndir af dæmigerðum dönskum húsum og ræða hvernig þau eru lík/ólík íslenskum húsum.
- Ræða hvað við gerum inn á heimilinu.

Se mit hjem

Lesbók bls. 28

Vinnubók bls. 52–53

Í lesbók

Kennarar eru hvattir til að vinna með mynd og texta saman. Til að festa orðaförðann er mikilvægt að ræða um myndirnar og fá nemendur til að svara spurningum um þær og segja frá. Kennari getur t.d. spurt: *Hvad laver lillebror? Hvor er far? Hvad laver han?* Og svo framvegis.

Einnig er tilvalið að rifja upp litina. Helsti orðaförði tengdur heimilistækjum er neðst á bls. 28 og 29. Til að festa þann orðaförða þurfa nemendur að vinna með hann sérstaklega. T.d. mætti láta þá flokka orðin eftir herbergjum bæði munnlega og skriflega og/eða gera orðablóm. Einnig má skoða hvaða hluti er að finna í skólastofunni. Neðst í textanum er spurningin „Hvor er min kat?“ Ætlunin er að nemendur svari þessari spurningu munnlega.

Í vinnubók

Verkefni B

Gert er ráð fyrir að nemendur teikni loftmynd af heimili sínu og skrifi heiti herbergjanna inn á myndina. Einnig má hugsa sér að nemendur teikni óskaheimili sitt eða heimili einhvers sem þeir þekkja.

Hlustunaræfing 25

Hlustun byggir á myndinni á bls. 28 í nemendabók. Nemendur þurfa því að hafa myndina til hliðsjónar á meðan þeir hlusta og leysa verkefnið.

Verkefni D

Verkefnið er tvíþætt. Í fyrsta lagi eiga nemendur að finna út hver gerir hvað með því að fara eftir línunum. Í öðru lagi eiga þeir að skrifa hvað hver gerir út frá myndunum.

Her bor jeg

Lesbók bls. 29

Vinnubók bls. 54–56

Í lesbók

Eins og á bls. 28 er mikilvægt að vinna með mynd og texta saman. Í tengslum við myndina má benda nemendum á að fyrsta hæð er kölluð *stuen*, önnur hæð *förste sal* o.s.frv.

Kennurum er bent á að fara inn á Netið og skoða með nemendum hús í gömlum borgarhverfum í Danmörku.

Í vinnubók

Verkefni B

Kennarar eru hvattir til að ræða nafnhátt við nemendur áður en þeir vinna verkefnið.

Verkefni C

Í þessu verkefni þurfa nemendur að átta sig á því hvenær notuð er nútíð og hvenær nafnháttur.

Hlustunaræfing 26

Nemendur þurfa að hafa myndina á bls. 29 í lesbók fyrir framan sig á meðan þeir hlusta og leysa verkefnið.

Spil og leg 12

Bingó

Læsebog side 28–35 og opgavebog side 52–67.

Tegund: Bingó

Form: Hópleikur

Markmið: Að þjálfra orðaforða um húsgögn og heimili.

Undirbúningur:

Prenta út bingóspjöld [spil og leg 12A](#) fyrir nemendur.

Prenta bingómiða [spil og leg 12B](#) fyrir stjórnanda.

Um spilið

1. Kennari lætur nemendur hafa bingóspjöld. Þau eru auð en safn mynda er neðst á blaðinu.
2. Nemendur býr til sitt eigið bingóspjald með því að velja nöfn á hlutum í myndasafni og skrifa þau inn á bingóspjaldið.
3. Kennari eða nemandi stjórnar spilin. Stjórnandi dregur bingómiða og sýnir nemendum.
4. Sá nemandi sem fyrstur fyllir út í alla reitina vinnur spilið.
5. Nemendur geta unnið í minni hópum og skipst á að stjórna leiknum.

Lis laver lektier

Nemendabók bls. 30–31

Vinnubók bls. 57–58

Í lesbók

Gott er að láta nemendur lesa teiknimyndasöguna sjálfa og átta sig á innihaldi út frá texta og myndum. Síðan er æskilegt að kennari ræði á dönsku um söguna og spyrji um innihald og myndir. T.d. *Hvad laver far? Hvilken farve har køkkenet? Hvor laver Lis lektier?*

Í vinnubók

Hlustunaræfing 27

Gott er að kennari og nemendur ræði myndirnar á dönsku áður en þeir hlusta á æfinguna.

Verkefni D

Fyrsta orðið í setningunni er með stórum staf.

Se mit værelse

Lesbók bls. 32

Vinnubók bls. 59–61

Í lesbók

Mynd og texti passa saman. Æskilegt er að vinna með mynd og texta saman og leggja sérstaka áherslu á forsetningar. Í dálkunum vinstra megin eru forsetningar útskýrðar sérstaklega. Tilvalið er að vinna munnlega með myndirnar. Þannig eiga nemendur auðveldara með að festa í minni forsetningar og orðaforða tengdan húsgögnum. Kennari getur t.d. spurt: *Hvor ligger den grønne strømpe?* Nemandi svarar t.d.: *Den ligger mellem skrivebordsstolen og natbordet.*

Í vinnubók

Verkefni D

Nemendur eiga að merkja við þær setningar sem eru réttar miðað við myndina af húsinu.

Inde hos mig

Nemendabók bls. 33

Vinnubók bls. 62–65

Í lesbók

Gott er að vinna með texta og myndir eins og á bls. 32.

Í vinnubók

- A. Nemendur teikna loftmynd af herbergi sínu, draumaherbergi sínu eða herbergi hjá einhverjum sem þeir þekkja. Inn á myndina á að teikna hurðir, glugga, húsgögn og fylgihluti. Nemendur eiga að skrifa nöfn allra hlutanna á myndina.
- C. Nemendur eiga að finna orð yfir fjölskyldumeðlimi í stafaruglinu. Skrifa á kvenkynsorðin undir kventákninu og karlkynsorðin undir karltákninu.
- F. Þessi æfing er nokkuð erfið. Nemendur eiga að finna það sem er ólíkt á myndunum tveimur og skrifa setningar um það.

Spil og leg 13

Tegn og gæt

Læsebog side 28–35 og opgavebog side 52–67.

Tegund: Orða- og teiknileikur

Form: Hópleikur

Markmið: Að þjálfra orðaforða um húsgögn og heimilistæki.

Undirbúningur:

- Prenta orðaspjöld [spil og leg 13A](#).
- Skipta nemendum í fjögurra manna hópa.

Um spilið

1. Nemendur eru tveir og tveir í liði.
2. Annar úr liðinu dregur orðaspjald. Á spjaldinu stendur heiti á húsgagni eða heimilistæki. Sá hinn sami á að teikna mynd af hlutnum.
3. Liðsfélagi hefur 30 sekúndur til að giska á danska orðið.
4. Hitt liðið tekur tímann.
5. Liðin skiptast á að gera.
6. Það lið vinnur sem hefur oftast náð að geta upp á réttu orði.

Hvordan bor du?

Lesbók bls. 34

Vinnubók bls. 66

Í lesbók

Hér er verið að kynna til sögunnar orðaforða tengdan mismunandi byggingum. Kennari getur rætt við nemendur á dönsku um mismunandi tegundir af byggingum í nærumhverfinu. Einnig má skoða mismunandi byggingar á neti t.d. hallir, indíánatjöld og svo framvegis. Myndin af einbýlishúsinu er ekki alveg rétt. Í Danmörku er gerður greinarmunur á litlu og stóru einbýlishúsi. Stór einbýlishús eru kölluð villa. Minni einbýlishús eru oft svipuð öðrum húsum í nágrenninu og eru kölluð *parcelhus*. Myndin á frekar við um *parcelhus*. Höfundar ákváðu að kynna ekki það orð.

Í vinnubók

Verkefni B

Sum orðanna eiga við fleiri en eina tegund af húsnaði. T.d. eru gluggar bæði í höll og blokk.

Tyggegummikongen

Lesbók bls. 35

Vinnubók bls. 67

Í lesbók

Þetta lag er haft með til þess að nemendur geti sungið og haft gaman af. Nokkuð af orðaforðanum hefur áður komið fyrir í bókinni. Lagið er að finna á diskum með hlustunaræfingum.

Spil og leg 14

Memory

Læsebog side 28–35 og opgavebog side 52–67.

Tegund: Samstæðuspil

Form: Para- eða hópleikur

Markmið: Að festa orðaforða um herbergi og húsnæði.

Undirbúningur:

Prenta orðaspjöld [spil og leg 14A](#). Eitt sett fyrir par eða hóp.


Prenta myndaspjöld [spil og leg 14B](#). Eitt sett fyrir par eða hóp.

Klippa spjöldin niður.

Um spilið

1. Nemendur leggja spjöldin á hvolf á borðið. Orð/mynd snýr niður. Nemandi A flettir fyrst við einu spjaldi og segir hvað er á því. Flettir síðan við öðru og freistar þess að fá samstæðu. Dæmi um samstæðu: Mynd af raðhúsi – orðið *et rækkehus*. Fáir hann ekki samstæðu leggur hann bæði spjöldin niður aftur á sama stað og þau voru.
2. B á nú leik.
3. Fáir nemandi samstæðu má hann gera aftur.
4. Að lokum eru samstæðurnar taldar.

Nemendur ímynda sér draumherbergi eða heimili. Þeir geta teiknað mynd og skrifað dönsku orðin inn á myndina. Einnig væri hægt að vinna þetta verkefni í pörum eða hópum og gera klippimyndir.



Fødselsdag

Í þemanu er fjallað um:

- Afmæli og orðforða því tengdu

Markmið er að nemendur:

- læri grunnorðaforða sem tengist afmæli og afmælishaldi.
- kynnist danskri afmælishefð.
- læri helstu sagnir tengdar afmæli.
- skilji þegar talað er um efnið á einfaldan hátt.
- geti rætt á einfaldan hátt um afmæli sitt og annarra.
- læri danska afmælissönginn.

Hugmyndir að kveikju:

- Kennari spyr nemendur hvenær þeir eigi afmæli.
- Hægt er að finna brot úr kvikmyndum sem sýna danskt barna- /unglingaafmæli.

Min fødselsdag

Lesbók bls 36

Vinnubók bls. 68–69

Í lesbók

Hér er verið að kynna mismunandi danskar afmælisveislur. Sumar eru ef til vill framandi fyrir nemendur. Kennari getur rætt á dönsku hvað er líkt og hvað er ólíkt með íslensku og dönsku afmælishaldi. Þegar lokið hefur verið við að lesa textann geta nemendur sagt á einfaldan hátt hvað þeir gera í afmælisveislum.

Í vinnubók

Verkefni A

Mjög gott er að venja nemendur við að nota orðablóm eða hugtakakort í tungumálanámi. Þetta verkefni er af einföldustu gerð. Hægt er að bæta við fleiri hringjum og skrifa þar sagnir sem tengjast afmælishaldi.

Fødselsdagen

Lesbók bls. 37

Vinnubók bls. 70–72

Í lesbók

Textinn gefur góða mynd af hefðbundnum dönskum afmælisdegi. Ræða má við nemendur um þá gömlu dönsku hefð að vekja afmælisbarnið með söng og gjöfum snemma morguns. Mikil áhersla er lögð á sameiginlegan morgunverð með kakói og bollum. Einnig má benda á hversu duglegir Danir eru að flagga danska fánanum ekki síst á afmælisdögum.

Syng med Fødselsdagssangen

Þessi afmælisöngur er sá mest sungin í Danmörku. Kennari getur hugsanlega tekið upp þann sið að fá nemendur til að syngja danska afmælisönginn fyrir þá sem hafa átt afmæli í vikunni. Sönginn má finna á diskum með hlustunaræfingum.

Einnig má benda á að til er annar afmælisöngur **Hip hurra** sem sunginn er af Tommy Seebach. Hann lenti í öðru sæti í dönsku Eurovision forkeppninni 1982 og er vel þekktur í Danmörku. Lagið er líflegt og fjörugt. Auðvelt er að finna bæði lag og texta á Netinu.

Spil og leg 15

Klassens ønskeliste

Læsebog side 36–40 og opgavebog side 68–73.

Tegund: Orðaleikur

Form: Hópleikur

Markmið: Að þjálfar orðaforða um afmæli og afmælisgjafir.

Undirbúningur: Láta nemendur hafa miða til að skrifa á.

Framkvæmd:

1. Hver nemandi skrifar á miða einn hlut sem hann óskar sér í afmælisgjöf og geymir hjá sér. Enginn má sjá miðann.
2. Nemendur ganga um bekkinn og finna einhvern einn sem óskar sér þess sama og þeir. Spurt er: *Hvad ønsker du dig i fødselsdagsgave?* Hinn svarar: *Jeg ønsker mig ...*
3. Þegar nemendur hafa fundið annan sem óskar sér þess sama, standa þeir saman og bíða þar til allir eru búnir.
4. Nemendur geta spurt hóp hvers hann óskar sér og bæst í hópinn ef óskin er hin sama.
5. Þegar allir sem geta hafa fundið samstæður tekur kennari saman upplýsingarnar.
6. Nemendur geta unnið áfram með niðurstöðurnar. T.d. má gera súlurit, þar sem fram kemur hversu margir hafa óskað sér ákveðinna hluta.

Fødselsdagsfesten

Lesbók bls. 38–39

Vinnubók bls. 73–75

Í lesbók

Gott er að láta nemendur sjálfa lesa söguna og átta sig á myndum og innihaldi.

Síðan er æskilegt að kennari ræði söguna, innihald hennar og myndir henni tengdar.

T.d. má spyrja: *Hvem inviterer Jonas til fødselsdag? Hvad har Jonas' far købt.* o.s.frv.

Í vinnubók

Verkefni B

Nemendur eiga að búa til setningar þar sem þeir nota orðin fyrir ofan línurnar.

Verkefni C

Í Danmörku hefur tíðkast að senda afmælskort til vina eða ættingja sem eiga afmæli. Í afmælskortinu er afmælisbarninu óskað til hamingju með daginn. Í dag er algengara hjá yngri kynslóðinni að senda afmælskveðjur í SMS eða á Netinu. Í verkefninu eiga nemendur að skrifa afmælskort. Þeir geta auðveldlega aðlagð textann öðrum miðli.

Verkefni D

Verkefnið er tvíþætt. Fyrst eiga nemendur að skrifa heiti hlutanna á strikin undir myndirnar. Síðan nota þeir táknið sem gefin eru upp með hverjum staf til að finna út hvað stendur í textanum fyrir neðan. Sjá lausnir.

Hvad laver de?

Lesbók bls. 40

Síðasta blaðsíðan í bókinni er samtalsæfing. Orðaforðinn tengist aðallega þemanu.

Áður en nemendur byrja er mikilvægt að fara yfir helstu persónuformöfn: Han, hun, de.

Um æfinguna:

1. Nemendur vinna saman í pörum.
2. Nemandi A á að hugsa sér mynd og nemandi B á að finna út hvaða mynd hann er að hugsa um með því að spyrja A út úr. Spurt er: *Er der en eller to personer? Er det en pige eller en dreng? Kan hun li' at synge? Er det billede nummer ...?*
3. Nemendur skipta um hlutverk.

Í vinnubók – Spil

bls. 76–77

Markmiðið með þessu verkefni er að rifja upp orðaforða úr allri bókinni.

Um spilið

Nemendur nota tening og spilakalla. Hver leikmaður á að svara þeirri spurningu sem hann lendir á. Svari hann rétt fær hann að halda áfram í næstu umferð. Svari hann rangt þarf hann að bíða eina umferð. Sá leikmaður vinnur sem kemur fyrstur í mark. Á sumum reitum eru fyrirmæli um að bíða eina umferð eða kasta teningnum aftur.